

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Skúlagötu, Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 20 við Skúlagötu, sbr. staðfest deiliskipulag staðgreinireits 1.153.1 frá 19. september 1985.

Breytt er byggingarreitum og hæð húsa.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 471

27. ágúst 1996

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 4.38, Selási, Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 4.38, Suður-Selás (Viðarás 19 - 39), Reykjavík frá 14. desember 1984.

Breytingin felur í sér að heimilt er að byggja parhús í stað einbýlishúsa á umræddum lóðum með tilheyrandi breytingum á byggingarskilmálum.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 472

27. ágúst 1996

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar, er staðfest var 30. nóvember 1990 með síðari breytingum, og tekur til tjaldsvæðis og útivistarmiðstöðvar að Hömrum.

Breytt er landnotkun þannig að óbyggt svæði verður að hluta útivistarsvæði til sérstakra nota (tjaldsvæði) og svæði fyrir verslun og þjónustu.